

Kópavogur 28.02.2020

dk Framtalskerfi fyrsta útgáfa (28.02.2020)

Í þessari útgáfu hefur verið opnað fyrir framtöl einstaklinga. Helstu breytingar eru.

1. RSK 3.11 „Dagpeningar“ í ár eru tímabilin fjögur.
2. RSK 2.02 „Greiðslumiði“ ný áritun.
3. RSK 3.02 „Kaup og sala eigna“ ný áritun í merkinguna „Hvað var selt“.
4. Hlutabréf nýr valmöguleiki í „Breyting til hækkunar“ sem heitir „Nýstofnað félag“.

Undanfarið hefur borið á því að kefið hefur lokast í tíma og ótíma með tilheyrandi vandræðum. Við teljum að komist hafi fyrir þetta í þessari útgáfu. Þetta virtist tengjast „Open File“ glugganum þ.e eftir að notandi hafði keyrt upp slíkan glugga lokaðist kerfið eftir nokkrar mínútur.

Það sem notandinn verður var við er að allstaðar þar sem „Open File“ er notað er búið að skipta út glugganum þ.e nýtt útlit svipuð virkni. Sá gluggi er ekki eins flottur og sá sem ætti að nota en þetta virðist lækna þessa hvítleiðu villu.

Við hvetjum svo alla til að fylgjast með heimasíðu dk www.dk.is og uppfæra hjá sér útgáfuna eftir þörfum.